

Tekjum þeim, sem vegasjóður fær með lögum þessum árið 1968, skal verja sem hér segir:

Millj. kr. Millj. kr.

1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968	21.0
2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:	
a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara	21.0
b. Halli á brúargerðum	2.0
	23.0
3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum veg- áætlunar:	
a. Viðhald þjóðvega	17.3
b. Til brúargerða	10.0
c. Til endurbóta á hættulegum stöðum	4.0
	31.3
4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð	9.4
5. Til nýrra vega:	
Strákavegur	16.8
Ólafsfjarðarvegur	1.0
Suðurfjarðavegur	6.5
	24.3

Samtals 109.0

Gjört i Reykjavík, 10. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

8. apríl 1968.

Nr. 8.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965,
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. B. hljóði svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Lánsfjárhæðin, kr. 280 000.00, er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, en skal framvegis hækka eða lækka samkvæmt þeirri vísitölu. Heimilt er þó að veita herra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar við-

komandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. mgr. 3. gr. laga þessara, og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur $\frac{4}{5}$ hlutum af verðmæti íbúða, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna. Enginn, sem eignast hefur íbúð, samkvæmt þessari mgr., má selja hana, nema Húsnaðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnaðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig, þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

2. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt þessum kafla, hafa verið seldar einstaklingum og lán frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi hafa verið a. m. k. eins hagstæð eða hagstæðari en lán, sem veitt voru á sama tíma samkvæmt lögum nr. 60 21. apríl 1962, um verkamannabústaði, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt með sama hætti og Húsnaðismálastofnun ríkisins hefur við frjálsa sölu eða við nauðungaruppboð, samkvæmt 7. gr. B 2. mgr. í lögum þessum. Um kaupverð íbúða þessara gilda og ákvæði téðrar mgr. eftir því, sem við getur átt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. laga nr. 97/1965, um breyting á lögum nr. 19/1965, um Húsnaðismálastofnun ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.